



Meistara- og diplómanám í fjölmiðla- og boðskipta- fræðum

Samstarf
Háskólans á
Akureyri og
Háskóla Íslands



**Háskólinn
á Akureyri**
FÉLAGSVÍSINDAEILD



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

STJÓRNMÁLAFRÆÐIDEILD
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

Nemendur geta valið hvorn skólann sem er, en mælt er með að velja þann skóla sem auðveldara er að sækja, vegna námskeiða í aðferðafræði.

Upplýsingar fyrir umsækjendur í Háskólann á Akureyri:

Umsóknarfrestur um grunn- og framhaldsnám í Háskólanum á Akureyri, jafnt staðarnám, fjarnám og lotunám er til 5. júní. Sótt er rafrænt um nám á vef háskólans, www.unak.is. Þegar rafrænni umsókn er lokið fær umsækjandi veflykil og getur fylgst með framgangi umsóknarinnar. Athugið að svar við umsókn er einungis rafrænt. Kostnaður er árlegt skrásetningargjald sem greiðist með greiðsluseðli í netbanka fyrir 10. júlí. Eftir þann tíma reiknast 15% álag. Skrásetningargjald er almennt óafturkræft.

Skrifstofustjóri hug og félagsvísindasviðs er Heiða Kristín Jónsdóttir, sími: 460 8039, fax: 460 8999, heida@unak.is

Nánari upplýsingar á unak.is eða um netfangið unak@unak.is

Upplýsingar fyrir umsækjendur í Háskóla Íslands:

Umsóknarfrestur um meistaranámið er til 15. apríl eða 15. október en diplómanámið til 5. júní eða 30. nóvember. Rafræn umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Háskóla Íslands: www.hi.is
Kostnaður: Árlegt innritunargjald Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar veita:

Elva Ellertsdóttir, deildarstjóri s. 525 4573, netfang: elva@hi.is

Margrét S. Björnsdóttir, aðjúnt s. 525 4254, netfang: msb@hi.is

Valgerður Jóhannsdóttir, aðjúnt og umsjónarmaður meistaranáms í blaða- og fréttamennsku s. 525 4254, netfang: vaj@hi.is

Skrifstofa Stjórn málafræðideildar er til húsa í Gimli, gengið í gegnum Odda við Sturlugötu. Sími 525 4573 eða 525 5445.

Opnunartími: Mánud. - föstud. 10:00-12:00 og 13:00-15:30

Kennsluskrá með nánari upplýsingum er að finna á heimasíðu Stjórn málafræðideildar: stjornmal.hi.is

Útgáfa 2015

Velkomin í nám í fjölmiðla- og boðskiptafræðum

Fjölmiðlar eru meðal áhugaverðustu fyrirbæra nútíma-samfélaga og lykilþættir í lýðræðislegri stjórnskipun. Ný og aukin þekking á þessu sviði er eitt af brýnustu viðfangsefnum samtímans.

Þess vegna er mikilvægt að efla rannsóknir á fjölmiðlum í íslensku samfélagi. Nú bjóða Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands í sameiningu upp á nýtt meistaranám um

fjölmiðla og boðskipti. Meginmarkmið nýja námsins er að auka skilning okkar á flóknu, fjölbreyttu og síbreytilegu fjölmiðlaumhverfi – bæði hérlandis og í heiminum öllum.

Námið er heillandi og spennandi kostur fyrir nemendur sem vilja taka virkan þátt í að auka skilning á fjölmiðlum og boðskiptum með því að skapa nýja þekkingu í heimi sem breytist frá degi til dags.



Námsnefnd á fundi: Í námsnefnd meistaranámsins sitja þau Birgir Guðmundsson dósent við Háskólann á Akureyri, Ólafur Þ. Harðarson prófessor við Háskóla Íslands, Ragnar Karlsson aðjúntur við HÍ og Valgerður A. Jóhannsdóttir aðjúntur við HÍ. Þau Birgir, Ragnar og Valgerður hafa öll lagt stund á rannsóknir á íslenskum fjölmiðlum um árabíl og fjallað um þá í ræðu og riti.

Meistaránámið í fjölmiðla- og boðskiptafræðum er nýtt nám í samstarfi Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Stjórn-málafræðideild og Félags- og mannvísindadeild HÍ og Félags-vísindadeild HA fengu árið 2012 hvata- og þróunarstyrk frá Samstarfsneti opinberu háskólanna til að þróa sameiginlegt nám á þessu mikilvæga sviði. Í skýrslu starfshóps sem undirbjó námið stendur m.a.: „**Mikilvægi fjölmiðla í nútímasam-félögum fer sívaxandi. Í samræmi við það vex þörfin og áhuginn á fræðslu og rannsóknum á fjölmiðlum. Al-þjóðlegt rannsóknastarf á þessu sviði hefur vaxið mjög en á Íslandi er brýnt að styrkja rannsóknir á stöðu og áhrifum fjölmiðla. Námið mun auka val nemenda og**

efla rannsóknir og rannsóknarsamstarf deildanna og skólanna, langt umfram það sem þeir gætu hver í sínu lagi.“

Rannsóknasamvinna þeirra sem að náminu standa og þeirra rannsóknastofnana sem til staðar eru, er líkleg til að aukast með þessu verkefni. Meistaraverkefni nemenda munu einnig geta stuðlað að aukinni þekkingu á sviðinu. Við Háskóla Íslands hefur undanfarin ár verið í boði í fjölmiðlafræði sem aukagrein á BA stigi um nokkurra ára skeið meistaranám í blaða- og fréttamennsku og við Háskólann á Akureyri er kennd fjölmiðlamiðlafræði á BA stigi. Nýja meistaranámið mun styðja við þær námslínur.

Meginmarkmið námsins og viðfangsefni

- Nemendur öðlist viðtæka þekkingu á þróun og megin-einkennum fjölmiðla og boðskipta og tengslum þeirra við efnahagslíf, menningu og stjórnmál, m.a. út frá kenningum félagsvísinda um völd, áhrif og margbreytileika.
- Nemendur öðlist ítarlega þekkingu og fá þjálfun bæði í megindlegum og eigindlegum rannsóknaaðferðum, með áherslu á þær aðferðir sem helst er beitt í fjölmiðla- og boðskiptafræðum.
- Nemendur kynnist innlendum sem erlendum lykilrannsóknum í fjölmiðla- og boðskiptafræðum.

Í lokaritgerð sem byggist á frumrannsókn, komi þessir þrír meginþættir námsins saman.

Hægt er að skoða almenn hæfniviðmið námsins og einstakra námskeiða í kennsluskrá HÍ og HA á þeirra vefsvæðum.



Fjölmiðla og boðskiptafræði verður stöðugt mikilvægari námsgrein og vettvangur fræða og rannsókna. Fjölmiðlavæðing samtímans er teygir sig inn í alla kima mannlegra samskipta og þekking og skilningur á boðskiptum í öllum sínum myndum hefur aldrei verið mikilvægari en einmitt núna. Nám á framhaldsstigi á þessu sviði er því svar við kalli tímans og gæti til dæmis verið upplagt framhald af grunnnámi í fjölmiðlafræði við HA.



Sigrún Stefánsdóttir forseti hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri

Fjölmiðla- og boðskiptafræði heilla rannsakendur vegna gífurlegs mikilvægis fjölmiðlanna fyrir samheldni og samvitund nútímaþjóðfélaga. Hinar byltingarkenndu breytingar sem hafa orðið á fjölmiðla- og boðskiptaháttum á síðustu árum, kalla ekki síður á rannsóknir. Á aðeins einni kynslóð hefur þunglamalegum einstefnumiðlum verið stjakað til hliðar af gagnvirkum, örskjótum samfélagsmiðlum. Þessu þarf að fylgjast með.



Þorbjörn Broddason prófessor emeritus

Kennarar

Kennarar í náminu koma ma. úr röðum okkar helstu fræðimanna á sviði fjölmiðla- og boðskiptafræða. Af fræðimönnum má nefna Birgi Guðmundsson dósent HA, Kjartan Ólafsson lektor HA, Ragnar Karlsson aðjúnkt HÍ, Helgu Ólafsdóttur dr. nema og Valgerði A. Jóhannsdóttur aðjúnkt HÍ. Úr stjórnmála- og kynjafræði koma þau Silja Bára Ómarsdóttir aðjúnkt, Jón Gunnar Ólafsson alþjóðastjórnmálfræðingur og Þorgerður Einarsdóttir prófessor. Auk þeirra koma fleiri að valnámskeiðum. Sjá yfirlit yfir kennara aftast í bæklingnum. Aðferðafræðinámskeiðin eru kennd af sérfræðingum hvors skóla.

Fjölbreyttir atvinnumöguleikar þeirra sem ljúka MA námi í fjölmiðla- og boðskiptafræðum

Auk rannsókna, greininga, upplýsingamiðlunar eða kennslu á vegum stofnana og fyrirtækja veitir námið góðan undirbúning undir ráðgjafar- og stjórnunarstörf á fjölmiðlum eða tengdum stofnunum, hjá alþjóðastofnunum, stjórnmalaflokkum, auglýsinga- og kynningafyrirtækjum, samtökum eða fyrirtækjum sem eiga mikið undir samstarfi við fjölmiðla.



Í fjölmiðla- og boðskiptafræðum er m.a. spurt:

- Að hvaða leyti getur eignarhald haft áhrif á innihald fjölmiðla?
- Hvernig eiga fjölmiðlar að sinna aðhaldshlutverki sínu gagnvart stjórnvöldum?
- Hvað ræður fréttamati fjölmiðla?
- Hvaða áhrif hafa efnahagsþrengingar undanfarinna ára á heimsvísu haft á fjölmiðlun?
- Hvaða áhrif hafa Wikileaks og sambærilegar síður haft á alþjóðasamfélagið?
- Hver eru áhrif netsins og samfélagsmiðla á hefðbundnari fjölmiðla?
- Hvernig notar fólk fjölmiðla í dag?
- Hvers vegna ræða fjölmiðlar oftast við karla en konur?
- Hvernig fjalla fjölmiðlar um stríð?

Munur á námi í fjölmiðla- og boðskiptafræðum og í blaða- og fréttamennsku

Fjölmiðla- og boðskiptafræði og meistaranám í blaða- og fréttamennsku eiga sitt hvað sameiginlegt en eru líka um margt ólíkar námsleiðir.

Í fjölmiðla- og boðskiptafræði er áherslan á að mennta fólk til þess að rannsaka fjölmiðla, t.d. áhrif þeirra í samfélaginu í viðum skilningi, tengsl við valdaöfl, innihald þeirra, rekstrarumhverfi, vinnubrögð, áhrif tækniþróunar og nýrra miðla o.s.frv. Fjölmiðlafræðingar fást m.a. við rannsóknir á því hvað ræður fréttamati, fjölmiðlastefnu stjórnvalda, hvernig fólk notar fjölmiðla, um lýðræðislegt hlutverk fjölmiðla og fleira og fleira. Viðfangsefnin eru óþrjótandi, en það vantar rannsóknir á þessu sviði hér á landi. Markmiðið með nýja fjölmiðlafræðináminu er því ekki síst að mennta nemendur með mikla rannsóknahæfni.

Í blaða- og fréttamennsku er áherslan á hagnýtt nám sem býr fólk undir störf við margskonar miðlun. Nemi í blaða- og fréttamennsku lærir m.a. að byggja upp og skrifa fréttir og greinar og miðla upplýsingum á margskonar formi.

Í Háskóla Íslands eru nokkur námskeið sameiginleg báðum námsleiðum, sem báðar eru á meistarastigi; kenningar í fjölmiðla- og boðskiptafræðum, námskeið um íslenskt fjölmiðlaumhverfi og stafræna miðla. Nemendur HÍ í fjölmiðlafræði geta einnig tekið í vali hagnýt námskeið í blaða og fréttamennsku, t.d. *Fréttamennska I og II*, *Ljósvalkamiðlar* og *Netmiðlun*. Þau námskeið eru hins vegar ekki í boði í fjarnámi.

Sjá einnig á næstu bls. um BA-nám í fjölmiðlafræði í Háskólanum á Akureyri.

Við lifum nú tíma þar sem fjölmiðlun skiptir meira máli en nokkru sinni fyrr. Með samruna fjölmiðla, tölvutækni og fjarskipta hefur fjölmiðlalandslagið breyst til muna og nýir miðlar litið dagsins ljós. Þessi veruleiki kallar á áleitnar spurningar um tjáningarfrelsið og friðhelgi einkalífs, ábyrgð á ummælum, lögsögu reglur og stöðu og framtíð tungumála á fámennum málsvæðum. Mikilvægi rannsókna á sviði fjölmiðlunar hefur því sjaldan verið meira en nú.



Karl Axelsson formaður fjölmiðlanefndar



Fjarnám og hluti meistaranámsins tekinn erlendis

Öll fræðileg námskeið í skyldu og bundnu vali verða boðin bæði sem stað- og fjarnámskeið. Þau eru kennd við annað hvort HÍ eða HA, en umtalsverð reynsla er af fjarnámi í báðum skólum. Mögulegt er fyrir nemendur utan höfuðborgarsvæðis eða Akureyrar að nýta sér fjarnám til að ljúka diplómanámi alfarið í fjarnámi (Sjá uppbyggingu þess á bls. 7).

Mögulegt er einnig fyrir nemendur að nýta sér samninga við erlenda háskóla svo og Erasmus og Nordplus styrki til að taka námskeið eða námsmisseri erlendis. Það verða nemendur þó sjálfir að kynna sér með aðstoð umsjónarmanna námsins í HÍ og HA og skrifstofu alþjóðasamskipta í háskólunum.

Hverjum er námið ætlað - forkröfur

Námið er öllum opið sem hafa lokið amk. BA, BS eða BEd prófi með fyrstu einkunn. Þeir sem ekki hafa 1. einkunn geta byrjað í diplómanámi (30 ECTS) og nái þeir 1. einkunn þar, geta þeir haldið áfram í MA nám. Námskeið í diplómanámi eru metin inn í MA námið.

Meistaranámið sem framhald af BA námi í fjölmiðlafræði við HA

Við Háskólann á Akureyri er í boði nám í fjölmiðlafræði til BA prófs sem kennt er bæði í stað- og fjarnámi. Áherslur þess náms eru á blaða- og fréttamennsku annars vegar og hins vegar á kenningar og sögu fjölmiðla hins vegar. Það nám gefur almennan grunn fyrir þetta framhaldsnám í boðskipta- og fjölmiðlafræði og myndar heildstætt námsframboð.

Íslenskar rannsóknir á fjölmiðlum

Fjölmiðlar og áhrif þeirra, félagsleg, menningarleg og pólitísk, eru meðal brýnustu rannsóknarefna í íslensku samfélagi. Slíkum rannsóknum hefur lengi verið sinnt á nokkrum stöðum, en mikilvægt er að samhæfa þá starfsemi og styrkja. Markmið meistaranáms í fjölmiðla- og boðskiptafræðum er ekki síst að efla rannsóknir á þessari lykilstöð okkar samfélags.

Meðal þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið á íslenskum fjölmiðlum má nefna:

- Áhrif markaðsvæðingar á innihald fjölmiðla
- Fagmennska í fjölmiðlum – blaðamenn sem fagstétt
- Fjölmiðlanotkun barna og unglinga
- Fjölmiðlar og íþróttir
- Konur og fjölmiðlar. Ísland í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun
- Þróun, staða og frammistaða hljóðvarps og sjónvarps í almannapjónustu
- Fjölmiðlar á almannavettvanginum
- Nær fjölmiðlun og samfélagssamheldni (félagsauður)
- Samkeppni og samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum
- Söguleg arfleidd íslenskra fjölmiðla
- Stjórnámál, hefðbundnir fjölmiðlar og nýmiðlar
- Umfjöllun fjölmiðla um fjármálaþyrftir fyrir hrun



Uppbygging meistara- og diplómanáms í fjölmiðla- og boðskiptafræðum

Nemendur í nýju meistaranámi í fjölmiðla- og boðskiptafræðum og nemendur í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við HÍ taka tvö sameiginleg fræðileg grunnnámskeið. Eftir það má líta svo á að námið í HÍ skiptist í tvær línur, annars vegar í meistaranám í fjölmiðla- og boðskiptafræðum og hins vegar í blaða- og fréttamennsku. Nemendur fá ráðleggingar um val umfram það sem tekið er fram í námskeiðslýsingum hér að aftan.

Meistaranám, uppbygging

- Fræðilegur grunnur, skyldunámskeið og bundið val (36 ECTS)
- Aðferðafræðilegur grunnur (30 ECTS)
- Valnámskeið (24 ECTS)
- Lokaritgerð (30 ECTS). Hægt er að sækja um til viðkomandi deilda HA og HÍ að vinna 60 ECTS rannsóknarverkefni og sleppa þá valnámskeiðum.

Diplómanám, uppbygging

Boðið er 30 ECTS diplómanám í fjölmiðla- og boðskiptafræðum. Nemendur taka tvö skyldunámskeið, þau tvö fyrstu sem talin eru upp hér fyrir aftan og þrjú valnámskeið úr öðrum námskeiðum námsleiðarinnar. Námskeið í diplómanámi eru metin inn í MA nám að því tilskildu að nemandi nái tilteknum árangri og kjósi að halda námi áfram til meistaragráðu.



Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 sýnir það svart á hvítu að það er veruleg þörf á því að meiri áhersla sé lögð á það hér á landi að rannsaka starfsemi fjölmiðla og þeim veitt aðhald. Þetta nám getur lagt grunninn að því og fjórða valdið fái það aðhald sem það þarf á að halda.



Guðrún Hálfðánardóttir blaðamaður á mbl.is

Rannsóknir og nám á þessu sviði er mjög mikilvægt. Með tilkomu netsins hefur aðgangur almennings að upplýsingum aldrei verið meiri og um leið opnast nýjar leiðir til áhrifa og þátttöku. Aukinn skilningur á þessari þróun er ekki aðeins lykillinn að fræðilegri umræðu heldur gerir hann okkur í stakk búin til að taka virkari þátt í mótun samfélags 21. aldarinnar.



Baldvin Þór Bergsson dr. nemi

Námskeiðslýsingar

Fræðilegur grunnur – skyldunám-skeið og bundið val (36 ECTS)

Þessi námskeið eru öll sameiginleg nemendum í HA og HÍ.

Skyldunámskeið í fræðilegum grunni (24 ECTS)

BLF112F Kenningar í fjölmiðla- og boðskiptafræðum (6 ECTS)

Einnig skyldunámskeið fyrir meistaranema í blaða- og fréttamennsku við HÍ

Kennt í HÍ á haustmisseri 2015. Kennt í fjarnámi.

Kennari: Ragnar Karlsson aðjúnt og dr. nemi

Markmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í nokkrar klassískar kenningar og skrif nútímahöfunda um þátt boðskiptanna og mismunandi boðskiptahátta í þróun og virkni samfélagsins. Vikið verður að kenningum nokkurra helstu kenningasmíða boðskipta- og fjölmiðlarannsóknna og skyggst í frumtexta þeirra. Jafnframt verður fjallað um eðli, þróun og viðfangsefni fjölmiðlarannsóknna og sérstöðu fjölmiðlafræða innan félagsvísinda. Tekin verða dæmi af mismunandi rannsóknum, erlendum og innlendum, með hliðsjón af ólíkum kenningum og viðfangsefnum.

Námsmat: Verkefni og próf

BLF211F Fjölmiðlaumhverfið á Íslandi í alþjóðlegu samhengi (6 ECTS)

Einnig skyldunámskeið fyrir meistaranema í blaða- og fréttamennsku við HÍ

Kennt í HÍ á vormisseri 2016. Kennt í fjarnámi.

Kennari: Ragnar Karlsson aðjúnt og dr. nemi

Í námskeiðinu verður fjallað um sögu og þróun íslenskra fjölmiðla. Fjallað verður um megineinkenni íslenska fjölmiðlakerfisins og sjónum einkum beint að samspili þess við stjórnmála- og efnahagsumhverfið. Skoðaðar verða helstu kenningar og rannsóknir á fjölmiðlakerfum og megineinkenni og þróun íslenskra fjölmiðla sett í samhengi við einkenni og þróun fjölmiðla í öðrum ríkjum. Leitast verður við að svara spurningum um að hvaða leyti þróunin hér á landi hefur verið lík þróuninni annarsstaðar og að hvaða leyti íslenskir fjölmiðlar skera sig úr, meðal annars vegna smæðar markaðarins. Velt verður upp spurningum um áhrif eignarhalds, samkeppni, samþjöppunar og samruna ólíkra tegunda fjölmiðla á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Námsmat: Verkefni og próf

BLF314F Stafrænir miðlar (e. Digital media) (6 ECTS)

Einnig í bundnu vali fyrir meistaranema í blaða- og fréttamennsku við HÍ

Kennt í HÍ haustmisseri 2015. Kennt í fjarnámi.

Kennari: Baldvin Þór Bergsson stjórnmálafræðingur og dr. nemi

Í námskeiðinu er sjónum beint að stafrænum miðlum með sérstaka áherslu á félagsmiðla. Litið verður á stafræna miðla í sögulegu sam-

hengi og hvaða áhrif boðskiptamynstur þeirra hefur á fagaðila, neytendur og notendur. Í fyrri hluta námskeiðsins verða helstu kenningar útskýrðar og settar í samhengi við viðurkenndar aðferðir. Síðari hluti námskeiðsins byggir á dæmum sem sýna helstu einkenni stafrænna miðla. Má þar nefna samspil stafrænna miðla og fjölmiðla, regluverk og viðskiptamódel félagsmiðla, áhrif stafrænna miðla á einkalíf og opinbera umræðu, áhrifamátt og dreifingarhæfni félagsmiðla og hvernig þeir skilyrða þátttökumöguleika notenda.

Námsmat: Skriflegt próf og verkefni

BLF113F Fjölmiðlar: Framleiðsla, notendur og áhrif (6 ECTS)

Samkennt með FÉL314G

Kennt á haustmisseri 2015. Kennt í fjarnámi.

Kennarar: Ragnar Karlsson aðjúnt og dr. nemi og Helga Ólafsdóttir dr. nemi

Markmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í kenningar og rannsóknir á notkun og áhrifamætti fjölmiðla og um starfshætti þeirra og framleiðslu fjölmiðlaefnis. Yfirlit verður veitt um nokkrar helstu kenningar um notkun og áhrif fjölmiðla og greint frá niðurstöðum rannsókna þar að lútandi. Jafnframt verður greint frá kenningum og rýnt í niðurstöður innlendra og erlendra rannsókna á samspili ytri og innri áhrifaþátta á starfsemi og frammistöðu fjölmiðla. Sjónum verður m.a. beint að ólíkum fjölmiðlertextum og greiningu þeirra, framleiðslu fjölmiðlaefnis og stöðu fjölmiðlafólks innan fjölmiðlanna. Fjallað verður m.a. um rannsóknir og kenningar um "kóðun" (e. encoding) og „afkóðun“ (e. decoding), fagbindingu, sjálfstæði og óhæði fjölmiðlafólks, fréttaval og fréttamat, hlutlægni, dagskrárvald, innrömmunaráhrif og þagnarsvelginn.

Námsmat: Verkefni og próf

Bundið val í fræðilegum grunni (12 ECTS)

Nemandi velur tvö námskeið af eftirfarandi þremur, sem hluta af skyldunámskeiðum í fræðilegum grunni. Nemandi getur valið öll námskeiðin og er þá eitt námskeiðið almennt val.

STJ376 Stjórnmál og fjölmiðlar (Political Communication) (Samkennt með Fjölmiðlarýni I, FJR0176) (6 ECTS)

Kennt við HA haustmisserið 2016. Kennt í fjarnámi.

Kennari: Birgir Guðmundsson dósent

Í námskeiðinu er skoðað samspil fjölmiðla og stjórnmála. Farið er yfir stöðu fjölmiðla sem upplýsingakerfis lýðræðis og þá þætti sem hafa haft áhrif á mótun fjölmiðlakerfisins í lýðræðisríkjum. Samskipti stjórnmála og fjölmiðla eru sérstaklega skoðuð í ljósi fagvæðingar blaðamennsku og stjórnmálalabaráttunnar og byggt á hugmyndum um „þriðja skeið pólitískrar boðmiðlunar“. Tilkoma samfélagsmiðla og annarra nýrra fjölmiðlagátta sem nýrra möguleika í pólitískri boðmiðlun er sérstaklega könnuð og leitað svara við þeirri spurningu hvort bylting í fjölmiðlataekni, auðveldara aðgengi og sprenging í fjölda fjölmiðlagátta hafi breytt grundvallarhugsun varðandi pólitíska boðmiðlun. Skoðaðar eru innlendar og erlendar rannsóknir um þetta efni.

Námsmat: Verkefni og próf

ASK213F Birtingarmyndir valds: Stjórnsmál, fjölmiðlar og menning (6 ECTS)

Kennt í HÍ veturinn 2016-17. Kennt í fjarnámi.

Kennarar: Jón Gunnar Ólafsson alþjóðastjórnsmálafræðingur og Silja Bára Ómarsdóttir aðjúnt

Í námskeiðinu er skoðað hvaðan hugmyndir okkar um „raunveruleikann“ koma. Fjallað er um menningarlegar hliðar hnattvæðingar, samruna ólíkra heima og kannað hvaða félagslegu rými eru til og eru að verða til í gegnum fjölbreytt samskipti, t.d. alþjóðlegan fréttaplutning og poppmenningu. Þau skilaboð sem birtast í þessu efni eru afbyggð með aðstoð kenninga sem líta á ráðandi hugmyndafræði sem valdataeki. Námskeiðið byggir á alþjóðasamskiptum, menningarfræðum og fjölmiðlafræðum og póst-móðernískum, feminískum og marxískum kenningum. Auk hefðbundins lesefnis verður fjölmiðlaefni greint, s.s. fréttir, auglýsingar, kvikmyndir og tónlist. Í námskeiðinu öðlast nemendur færni til að lesa úr þeim óbeinu skilaboðum sem dynja á þeim úr fjölmiðlum og verða þannig gagnrýnni borgarar hnattvædds síðnútímasamfélags.

Námsmat: Verkefni og próf

KYN203F Hagnýting jafnréttisfræða: Kyn og margbreytileiki í fjölmiðlum (6 ECTS)

Námskeiðið er samkennt með námskeiðinu KYN202F: Hagnýting jafnréttisfræða: Frá bróðurparti til systkinalags (10 ECTS).

Kennt árlega á vormisseri í HÍ. Kennt í fjarnámi.

Kennari: Þorgerður Einarsdóttir prófessor

Markmið námskeiðsins er að kynna grundvallaratriði jafnréttisfræða, sögu og merkingu jafnréttishugtaksins, og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða (e. gender mainstreaming) í samfélagslegri umræðu og stefnumótum. Nemendur gera hagnýtt verkefni um kyn, margbreytileika og minnihlutahópa í fjölmiðlum. Í nútímasamfélögum eru gerðar síauknar kröfur um þekkingu á jafnréttismálum, ekki síst á sviði fjölmiðlunar. Ísland er aðili að alþjóðasamþykktum þar sem kveðið er á um jafnrétti í fjölmiðlum. Í fjölmiðlalögum er kveðið á um upplýsingagjöf um birtingarmyndir kynja í fjölmiðlum og kynjahlutföll starfsfólks á fjölmiðlum.

Námsmat: Verkefni

Valnámskeið (24 ECTS)

Nemendur geta tekið valnámskeið í tengdum greinum. Mismunandi er eftir háskólum hvaða valnámskeið koma til greina og takmarkað er hvað er í boði í fjarnámi.

Möguleikar á valnámskeiðum við Háskóla Íslands

Til greina koma m.a. öll meistaranámskeið í opinberri stjórnsýslu, alþjóðasamskiptum, samanburðarstjórnámum og kynjafræði. Þar má nefna m.a. námskeiðið *Stefnumiðuð almannatengsl*, sem boðið er í fjarnámi og námskeiðið *Stjórnsmálaferli og viðhorf*. Nemendur geta tekið sem val framhaldsnámskeið í aðferðafræði og hagnýtt námskeið í blaða og fréttamennsku, td. *Fréttamennska I og II*, *Ljósavakamiðlar* og *Netmiðlun*. Þau námskeið eru hins vegar ekki í boði í fjarnámi. Leitað hefur verið eftir undanþágu fyrir nemendur í fjölmiðla- og boðskipta-



fræðum frá forkörum í námskeiði lagadeildar HÍ LÖG141F *Fjölmiðla-réttur* (6 ECTS) sem kennt er á vormisseri. Þar er farið yfir hinar helstu réttarreglur, sem gilda hér á landi um starfsemi fjölmiðla og um hvers kyns útgáfustarfsemi í viðum skilningi (þó ekki um höfundarétt). Verður bæði fjallað um ölögbundnar réttarreglur á þessu sviði sem lögfestar. Sérstök áhersla verður lögð á mikilvægi fjölmiðla í nútíma þjóðfélagi og gildi þess, að starfsemi þeirra fari að lögum og heppilegum venjum og öðrum ölögbundnum meginreglum. Jafnframt verður lögð áhersla á siðferðilega ábyrgð fjölmiðla og á réttarstöðu borgaranna gegn óvand- aðri eða misvísandi umfjöllun um málefni einstaklinga eða lögaðilja. Að meginstefnu verður miðað við íslenskan rétt en jafnframt höfð hlið- sjón af erlendum réttarreglum á þessu sviði, sem áhugaverðar eru til samanburðar. **Kennari er Karl Axelsson dósent**

Aðferðafræði - skyldunámskeið (30 ECTS)

Námskeiðin í þessum flokki eru kennd bæði við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Nemendur sem innritast í HÍ taka aðferðafræðinámskeiðin þar og nemendur HA taka sömu námskeiði HA. Eitt námskeið er þó sameiginlegt en það er námskeiðið *Aðferðir í fjölmiðlarrannsókn*, sem kennt er í fjarnámi frá HA.

Nemendur sem hafa lokið umtalsverðri aðferðafræði í fyrra námi geta sótt um til deildar viðkomandi skóla að taka í stað neðangreindra nám- skeiða í megindegri og eigindlegri aðferðafræði, framhaldsnámskeið í aðferðafræði eða önnur valnámskeið í samræði við deild.

FOM001F Megindegleg aðferðafræði (10 ECTS)

Kennt árlega á haustmisseri í Háskóla Íslands. Ekki í fjarnámi.

Æskilegt að nemendur taki þetta á 1. misseri.

Kennari: Kristjana Stella Blöndal lektor

Meginefni námskeiðsins eru megindeglegar rannsóknaraðferðir og töl- fræði sem notuð eru í félags- og mannvísindum. Fjallað er um helstu rannsóknarsnið, úrtaksfræði og gerð spurningalista. Í tölfræðihluta er farið í lýsandi tölfræði og ályktunartölfræði og er ítarleg kynning á dreifigreiningu og aðhvarfsgreiningu. Nemendur vinna verkefni í töl- fræðilegri úrvinnslu gagna með SPSS forritinu samhliða fyrirlestrum. Nemendur geta unnið með gagnsófn að eigin vali. Nemendur í fjöl- miðlafræði vinna með gagnagrunna af því sviði.

Námsmat: Rannsóknarskýrsla, kynning í kennslustund og lokapróf

Megindlegar rannsóknir MER0110120 (10 ECTS)

Kennt árlega á haustmisseri í Háskólanum á Akureyri

Æskilegt er að nemendur taki þetta á 1. misseri

Umsjónarkennari: Ragnheiður Harpa Arnardóttir dósent

Námskeiðslýsing: Fjallað verður ítarlega um megindlegar rannsóknaraðferðir, þar sem tölfraði og aðferðafræði er fléttað saman. Lögð er áhersla á að veita grunnþjálfun í gerð rannsóknaráætlunar. Einnig er áhersla á fræðilega og hagnýta tölfraði þar sem nemendur læra útreikninga ásamt túlkun tölfraðilegra niðurstaðna og að nota SPSS-tölfraðiforritið.

Námsmat: Ýmis verkefni

BLF214F Aðhvarfsgreining: Fjölmiðlarannsóknir (3 ECTS)

Forkrafa: FOM001F í HÍ og MER0110120 í HA

Kennt við Háskóla Íslands, haust 2016. Fyrirlestrar í fjarnámi, en verklegir tímar í báðum skólum.

Markmið námskeiðsins er að nemendur hljóti þjálfun í tölfraðilegri úrvinnslu og framsetningu gagna á sviði fjölmiðlarannsókna. Áhersla verður á fjölbreytuaðhvarfsgreiningu og læra nemendur hvernig beita megi henni á flokkabreytur. Með aðstoð kennara munu nemendur finna viðeigandi gagnasöfn (erlend eða íslensk), setja fram rannsóknarspurningar og vinna niðurstöður, með áherslu á aðhvarfsgreiningu.

Námsmat: Hópverkefni

STJ203F • Eigindleg aðferðafræði (6 ECTS)

Kennt við Háskóla Íslands, vormisseri 2016, bæði fjarnám og staðbundnar lotur.

Umsjón: Maximilian Conrad lektor

Í námskeiðinu öðlast nemendur grunnfærni í framkvæmd eigindlegra rannsókna, sérstaklega eigindlegra viðtala. Einnig er fjallað um söfnun fyrirbyggjandi eigindlegra gagna. Í námskeiðinu er gerð grein fyrir ólíkum leiðum við greiningu eigindlegra gagna, þ.m.t. innihalds- og orðræðugreiningu, og öðlast nemendur færni í greiningu gagna samkvæmt þeim. Í námskeiðinu vinna nemendur verkefni sem tengjast lokaverkefnum eftir því sem við á og við verður komið.

Námskeiðið er stað- og fjarkennt og byggir á virkri þátttöku nemenda sem vinna verklegar æfingar í staðlotum.

Námsmat: Verkefni

Verkefni Eigindleg aðferðafræði (4 ECTS)

Auk námskeiðsins STJ203F, hér fyrir ofan, sem er 6 ECTS munu nemendur í fjölmiðla- og boðskiptafræðum vinna verkefni 4 ECTS undir leiðsögn.

Eigindlegar rannsókir EIR 0155100 (10 ECTS)

Kennt árlega á vormisseri í Háskólanum á Akureyri bæði í fjarnámi og staðnámi.

Æskilegt er að nemendur HA taki þetta á 2. námsmisseri

Umsjónarkennari: Sigríður Halldórsdóttir prófessor

Viðfangsefni námskeiðsins er að kynna eigindlegar rannsóknir og rannsóknaraðferðir ásamt fræðilegum forsendum þeirra, takmörkum þeirra og kostum. Nemar kynnast helstu þáttum eigindlegrar aðferðafræði og læra til verka við að beita eigindlegum rannsóknaraðferðum í eigin

verkefnum svo sem að afla gagna og greina þau. Þeir öðlast þekkingu á ýmsum viðfangsefnum og álitamálum sem tengjast eigindlegum rannsóknum svo sem siðfræðilegum þáttum og um réttmæti og áreiðanleika. Nemar læra að nýta sér eigindlegar rannsóknir í eigin verkefnum.

Námsmat: Ýmis verkefni

Aðferðir í fjölmiðlarannsóknum (4 ECTS)

(Samkennt með VRK0276110 Rannsóknarverkefni II)

Kennt við Háskólann á Akureyri. Kennt haustið 2016. Kennt í fjarnámi

Kennari: Kjartan Ólafsson lektor

Í námskeiðinu er rýnt í nokkrar algengustu aðferðir sem notaðar eru í fjölmiðlarannsóknum. Skoðað er hvernig ýmsar rannsóknaraðferðir félagsvísinda eru nýttar til að svara ýmsum algengum spurningum sem unnið er með í fjölmiðlarannsóknum. Fjallað er um hvernig viðfangsefni fjölmiðlarannsókna eru aðgerðabundin og leyst með aðferðum félagsvísinda. Sérstaklega er fjallað um innihaldsgreiningu og orðræðugreiningu og þessar aðferðir tengdar við raunveruleg dæmi.

Námsmat: Verkefni og próf

BLF315F Rannsóknaráætlanir og skrif meistararitgerða (3 ECTS)

Námskeiðið er hluti af námskeiðinu STJ302F Rannsóknir í opinberri stjórnsýslu og alþjóðasamskiptum

Kennt árlega í HÍ á haustmisseri. Nemendur taki á 2. ári.

Kennari: Gyða Margrét Pétursdóttir lektor

Í námskeiðinu er farið yfir verklag við gerð fræðiritgerða og uppbyggingu þeirra. Nemendur vinna rannsóknaráætlun fyrir lokaritgerð.

Lokaritgerð (30 ECTS)

Gerð er krafa um frumrannsókn á þessu sviði, enda er einn megintilgangur námsins að efla rannsóknir í fjölmiðla- og boðskiptafræðum. Hægt er að sækja um til deilda viðkomandi skóla að vinna 60 ECTS rannsóknarverkefni, lokaritgerð og sleppa þá valnámskeiðum.

Meistaranám í fjölmiðla- og boðskiptafræðum er samstarfsverkefni

**Háskólinn
á Akureyri**

FÉLAGSVÍSINDAEILD



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD



Ármann Gunnarsson
MA í menningarmiðlun
og stundakennari



Birgir Guðmundsson
Dr. nemi og dósent



Dr. Birgir Hermannsson
Ph.D. í stjórnmálafræði,
aðjúnt



Friðrik Þór Guðmundsson
MA í blaða- og fréttamennsku, stundakennari



Grétar Sveinn Theodórsson
MA og stundakennari



Dr. Gunnar Helgi Kristinsson
Ph.D. í stjórnmálafræði,
prófessor



Gunnar Ingi Jóhannsson
Hæstaréttarlömaður og stundakennari



Dr. Hulda Þórisdóttir
Ph.D. í sálfræði,
lektor



Jón Gunnar Ólafsson
MA í alþjóðasamskiptum
og stundakennari



Kjartan Ólafsson
Dr. nemi og lektor



Dr. Maximilian Conrad
Ph.D. í stjórnmálafræði,
lektor



Dr. Ólafur Þ. Harðarson
Ph.D. í stjórnmálafræði,
prófessor



Ragnar Karlsson
Dr. nemi og aðjúnt,
verkefnisstjóri meistara-
náms í fjölmiðlafræðum



Ragnheiður Harpa Arnarsdóttir
Dósent og Phd. í lungna-
læknisfræði, kennari í
aðferðafræði við HA



Sigríður Halldórsdóttir
Prófessor og Phd. í
hjúkrunarfræði, kennari
í aðferðafræði við HA



Sigurjón Ólafsson
MA í alþjóðasamskiptum,
vefráðgjafi og stunda-
kennari



Silja Bára Ómarsdóttir
MA í alþjóðasamskiptum,
aðjúnt



Dr. Stefanía Óskarsdóttir
Ph.D. í stjórnmálafræði,
dósent



Valgerður Jóhannsdóttir
Dr. nemi og aðjúnt,
umsjónarmaður meistara-
náms í blaða- og fréttamennsku



Dr. Þorgerður Einarsdóttir
Fil.dr. í félagsfræði,
prófessor



Þóra Tómasdóttir
MA í menningarstjórnun
og stundakennari

Nemendur geta valið hvorn skólann sem er, en mælt er með að velja þann skóla sem auðveldara er að sækja, vegna námskeiða í aðferðafræði.

Upplýsingar fyrir umsækjendur í Háskólann á Akureyri:

Umsóknarfrestur um grunn- og framhaldsnám í Háskólanum á Akureyri, jafnt staðarnám, fjarnám og lotunám er til 5. júní. Sótt er rafrænt um nám á vef háskólans, www.unak.is. Þegar rafrænni umsókn er lokið fær umsækjandi veflykil og getur fylgst með framgangi umsóknarinnar. Athugið að svar við umsókn er einungis rafrænt. Kostnaður er árlegt skrásetningargjald sem greiðist með greiðsluseðli í netbanka fyrir 10. júlí. Eftir þann tíma reiknast 15% álag. Skrásetningargjald er almennt óafturkræft.

Skrifstofustjóri hug og félagsvísindasviðs er Heiða Kristín Jónsdóttir, sími: 460 8039, fax: 460 8999, heida@unak.is

Nánari upplýsingar á unak.is eða um netfangið unak@unak.is

Upplýsingar fyrir umsækjendur í Háskóla Íslands:

Umsóknarfrestur um meistaranámið er til 15. apríl eða 15. október en diplómanámið til 5. júní eða 30. nóvember. Rafræn umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Háskóla Íslands: www.hi.is
Kostnaður: Árlegt innritunargjald Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar veita:

Elva Ellertsdóttir, deildarstjóri s. 525 4573, netfang: elva@hi.is

Margrét S. Björnsdóttir, aðjúnkt s. 525 4254, netfang: msb@hi.is

Valgerður Jóhannsdóttir, aðjúnkt og umsýjarmaður meistaranáms í blaða- og fréttamennsku s. 525 4254, netfang: vaj@hi.is

Skrifstofa Stjórn málafræðideildar er til húsa í Gimli, gengið í gegnum Odda við Sturlugötu. Sími 525 4573 eða 525 5445.

Opnunartími: Mánud. - föstud. 10:00-12:00 og 13:00-15:30

Kennsluskrá með nánari upplýsingum er að finna á heimasíðu Stjórn málafræðideildar: stjornmal.hi.is

Útgáfa 2015



**Háskólinn
á Akureyri**
FÉLAGSVÍSINDAEILD



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

STJÓRN MÁLAFRÆÐIDEILD
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD